

Nd.

61. Frumvarp til laga

[56. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Í stað orðanna „að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmannna“ í 101. gr. laganna komi: að þriðjungi eftir íbúatölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal lagt á samkvæmt þeim fyrsta sinn árið 1968.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi af Jóni Ísberg, sýslumanni Húnavetninga, formanni Sýslumannafélagsins, en varð þá eigi útrætt. — Er það nú endurflutt í samráði við hann. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Næstum því einu tekjur sýslusjóða eru sýslusjóðsgjöld. Eru þau lögð á hreppana eftir reglum 101. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, eða eftir fasteignamati að einum þriðja, samanlögðum nettótekjum og nettóeign að einum þriðja og eftir tölu verkfærra manna að einum þriðja.

Samkvæmt eldri vegalögum áttu hreppstjórar að semja skrár yfir verkfæra menn í hreppum, en ákvæði um slíkar skrár er ekki að finna í nýju vegalögnum, enda ekki notaðar nú nema sem gjaldgrundvöllur sýslusjóðsgjalds. Þarna vantar því ákvæði um, hver eigi að semja verkfærra manna skrá. Hreppstjórar hafa gert það, en það er ekki lengur skylda þeirra. En hver svo sem gerir það, þá er það aukavinna, sem komast má hjá, ef þetta frumvarp nær fram að ganga, en þá er gert ráð fyrir, að þriðjungur sýslusjóðsgjalds verði lagður á eftir íbúatölu hreppanna. Auk þess má benda á, að stundum getur orkað tvímælis, hvort telja beri mann verkfæran eða ekki, t. d. mann, sem er 65% öryrki. Þessi breyting hefur ekki fjárhagsþýðingu, aðeins verið að gera framkvæmd ákveðinna laga einfaldari og öruggari.“